

Skólanámskrá

2025 – 2026



Nám og kennsla
3. bekkur

Umsjónarkennarar
Ása Árnadóttir
Elín Arnardóttir

Efnisyfirlit

Bakgrunnssupplýsingar.....	3
Viðmiðunarstundaskrá fyrir 3. bekk	3
Læsisstefna Njarðvíkurskóla.....	3
Námsmat	4
Lykilhæfni	4
Kynbundið og kynferðislegt áreiti og ofbeldi	4
Íslenska.....	5
Stærðfræði	5
Samfélagsgreinar	6
Náttúrugreinar	7
Heimilisfræði.....	7
Hönnun og smíði	8
Sjónlistir	8
Textílmennt	9
Upplýsinga- og tæknimennt	9
Skólaípróttir.....	10
Skólaval.....	11
Tónmennt	11
Listir	12
Enska	12

Bakgrunnsupplýsingar

Umsjónarkennarar 3. bekkjar eru Ása Árnadóttir og Elín Arnadóttir og stuðningsfulltrúi er Ólöf Elín Rafnsdóttir. Heimastofur eru 203 og 204. Nemendur fá 30 kennslustundir á viku.

Aðrir kennarar:

- Íþróttir – Heiðrún Rós Þórðardóttir og Margrét Ólöf Richardsdóttir
- Sund – Heiðrún Rós Þórðardóttir og Margrét Ólöf Richardsdóttir
- Heimilisfræði – Anna Kristín Friðriksdóttir
- Textílmennt – Margrét Sigrún Þórólfsdóttir
- Hönnun og smíði – Berglind Richardsdóttir
- Myndlist – Sara Símonardóttir

Viðmiðunarstundaskrá fyrir 3. bekk

- Íslenska – 6 stundir
- Stærðfræði – 5 stundir
- Samfélagsgreinar – 4 stundir
- Náttúrufræðigreinar – 2 stundir
- Enska – 1 stundir
- Íþróttir/sund – 3 stundir
- List- og verkgreinar – 4 stundir
- Tónmennt – 1 stund
- Upplýsingar- og tæknimennt – 1 stund
- Fjölval/val – 3 stundir

Samtals: 30 stundir á viku

Læsisstefna Njarðvíkurskóla

Læsisstefna Njarðvíkurskóla er lifandi plagg í stöðugri þróun og endurskoðun. Læsisstefnan krefst sameiginlegrar sýnar þeirra sem fylgja henni eftir og vinna markvisst eftir stefnunni. Hún er höfð að leiðarljósi í skólastarfinu hjá nemendum í 1.-10. bekk. Læsisstefna lýsir ákveðnum stiganda í læsinnámi nemenda frá upphafi til loka grunnskólagöngu. Nálgað má Læsisstefnu Njarðvíkurskóla á heimasíðu Njarðvíkurskóla.

Viðmið í maí vegna orðafjölda í lesfimi. Fyrirlögn fer fram í september, janúar og maí.

90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
55	100	120

Lestrarlag nemanda út frá matsramma fyrir lesfimi er metið í september/janúar/maí (tjáning og raddstyrkur, hendingar, flæði og hraði). Í matsrammanum er merkt við í þann reit rammans sem lýsir frammistöðu nemanda á hverjum matsþætti fyrir sig. Nemandi getur fengið á bilinu 4–16 heildarstig úr rammanum og kemur fram umsögn samkvæmt því – sjá Læsisstefnu Njarðvíkurskóla.

Námsmat

Námsmat fer fram með símati yfir skólaárið sem tekur mið af hæfniviðmiðum aðalnámskrá grunnskóla í öllum greinum. Til að meta hvert hæfniviðmið er notast við hæfnitákn sem má sjá hér fyrir neðan.

- Hæfni ekki náð, ef nemandi vann með ákveðið hæfniviðmið en náði ekki tökum á því.
- Þarfnast þjálfunar, ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði sem unnið hefur verið með.
- Á góðri leið, ef nemandi þarf bara ögn meiri vinnu með hæfniviðmiðið til þess að ná því.
- Góð hæfni, ef nemandi hefur náð góðri hæfni til að ná hæfniviðmiði sem unnið hefur verið með.
- Mjög góð hæfni, ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt mjög góða hæfni við þá vinnu.
- Framúrskarandi, ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu umfram þá hæfni sem viðmiðið setur.

Lykilhæfni

Unnið er eftir lykilhæfniviðmiðum Njarðvíkurskóla. Lykilhæfni er almenn hæfni nemenda óháð námssviðum en er aldurstengd.

Kynbundið og kynferðislegt áreiti og ofbeldi

Forvarnir og fræðsla fer fram í öllum árgöngum og er unnin upp úr skýrslu UNESCO, International technical guidance on sexuality education. Unnið er með áherslur UNESCO á hverju aldursári og farið meira á dýptina eftir því sem nemendur eldast. Áherslur 3. bekkjar eru fjölskyldur, vinátta, líkamsímynd/líkamsvitund, kynferði og kynferðisleg hegðun, æxlun og kynþroski og ofbeldi.

Íslenska

Hæfniviðmið

Í aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 2013 skiptast hæfniviðmið í íslensku fyrir 1.- 4. bekk í fjóra þætti; Talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

Smelltu hér til að skoða hæfniviðmið

Kennsluefni og kennslugögn

- Lestrarbækur með og án vinnubóka við hæfi hvers og eins.
- Lesrún
- Ritrún 3
- Skrift 2a og 2b
- Ritun - dagbók og sögubókin mín
- Ítarefni: Orð og málsgreinar (af Skólavefnum), Íslenskustuð (af Út fyrir bókina), ýmis ljósrít og aukaefni við hæfi hvers og eins.

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Mikilvægt að nota fjölbreytta kennsluhætti til að koma til móts við fjölbreyttan nemendahóp. Notast er m.a. við beina kennslu (innlagnir), sýnikennslu, endurtekna þjálfun, hópavinnu, leiki, stöðvavinnu og umræður.
- Námsaðlögun getur átt við hvort sem er í kennsluháttum og í aðlögun á námsefni. Leitast er við að allir nemendur fái kennslu og þjálfun við sitt hæfi, hvort sem námsefnið er einfaldað, sambærilegt eða þyngra/flóknara og einstaklingsinnlagnir.

Námsmat

- *Lesfimi* - prófað þrisvar á skólaárinu, metin eru lesin orð á mínútu. Við lok 3. bekkjar eiga nemendur að hafa náð 55 – 120 orðum á mínútu.
- Matsrammi í lesfimi - skiptist í fjóra þætti: tjáning, sjálfvirkni lestrar eða leshraða, hljómfall og hendingar og flæði.
- *Lesskilningur* - kannað þrisvar sinnum á skólaárinu: Lesskilningspróf í október, febrúar og apríl.
- *Málfræði* - leiðsagnarmat jafnt og þétt yfir skólaárið, metið í hæfniviðmiðum með sex tákna kvarða.

Stærðfræði

Hæfniviðmið

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eru hæfniviðmið í stærðfræði sett upp í sjö flokka. Þrír flokkar snúa að almennum viðmiðum um hæfni í stærðfræði og þeir eru: að geta spurt og svarað með stærðfræði; að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar og vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar. Hinir flokkarnir snúa að hæfni á ólíkum sviðum stærðfræðinnar og þeir eru: tölur og

reikningur; rúmfræði og mælingar og tölfræði. Þó flokkað sé á þennan hátt mynda flokkarnir samfellda heild. Unnið er með hvert viðmið fyrir sig en einnig eru þau samþætt í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

Smelltu hér til að skoða hæfniviðmið

Kennslufni og kennslugögn

- Sproti 3b og 4a - nemendabók og æfingahefti
- Stærðfræðispæjarar 3
- Ítarefni: Viltu reyna, spil og ýmis auka verkefni af vef

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Mikilvægt að nota fjölbreytta kennsluhætti til að koma til móts við fjölbreytta nemendahópa. Notast m.a. við beina kennslu (innlagnir), sýnikennslu, endurtekna þjálfun, hópavinnu, leiki, stöðvavinnu, útikennslu og umræður.
- Námsaðlögun getur átt við hvort sem er í kennsluháttum og í aðlögun á námsefni. Leitast er við að allir nemendur fái kennslu og þjálfun við sitt hæfi, hvort sem námsefnið er einfaldað, sambærilegt eða þyngra/flóknara og einstaklingsinnlagnir.

Námsmat

- Lotukannanir jafnt og þétt yfir skólaárið, metið í hæfniviðmiðum í sex tákna kvarða.

Samfélagsgreinar

Hæfniviðmið

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla skiptast hæfniviðmið í þrjá yfirflokka: reynsluheim; hugarheim og félagsheim. Reynsluheimur felur í sér umhverfi, samfélag, sögu og menningu. Hugarheimur felur í sér sjálfsmynd - hæfni nemandans til að átta sig á sjálfum sér og öðrum. Félagshheimur felur í sér samskipti - hæfni nemandans til að mynda og þróa tengst sín við aðra. Unnið er með þessi viðmið sem eina heild út skólaárið.

Smelltu hér til að skoða hæfniviðmið

Kennslufni og kennslugögn

- Halló heimur 3 - lesbók og vinnubók
- Könnun kortin 3
- PBS kennslufni og Stöndum saman
- Ítarefni: Vináttuverkefni Barnaheilla og Barnasáttmálinn

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Hópavinnu, einstaklingsvinnu, leikir, tilraunir, stöðvavinnu, útikennsla/vettvangsferðir, paravinnu, umræður.
- Markmiðið er að allir nemendur séu virkir þátttakendur í kennslustundum. Að allir fái það svigrúm að taka þátt á sínum forsendum.

Námsmat

- Leiðsagnarmat jafnt og þétt fyrir skólaárið, metið í hæfniviðmiðum með sex tákna kvarða.

Náttúrugreinar

Hæfniviðmið

Í aðalnámskrá grunnskóla skiptast hæfniviðmiðin í náttúrugreinum í tvo þætti; verklag og viðfangsefni. Þættir eru samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni. Unnið er með þessi viðmið sem eina heild út skólaárið.

[Smelltu hér til að skoða hæfniviðmið](#)

Kennsluefni og kennslugögn

- Halló heimur 3 - lesbók og vinnubók
- Grænu skrefin - rafrænt efni af www.mms.is
- Ítarefni: Komdu og skoðaðu himingeiminn, Komdu og skoðaðu eldgos, Komdu og skoðaðu hringrásir

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Hópavinna, einstaklingsvinna, leikir, tilraunir, stöðvavinna, útikennsla/vettvangsferðir, paravinna, umræður.
- Markmiðið er að allir nemendur séu virkir þátttakendur í kennslustundum. Að allir fái það svigrúm að taka þátt á sínum forsendum.

Námsmat

- Leiðsagnarmat jafnt og þétt fyrir skólaárið, metið í hæfniviðmiðum með sex tákna kvarða.

Heimilisfræði

Hæfniviðmið

Í heimilisfræði má finna tengingu á milli næringarfræði, matreiðslu og hreinlætis. Því er kennslan samþætt með ofangreindum þáttum en opinberar ráðleggingar (Lýðheilsustöðvar/Landlæknis) eru hafðar til hliðsjónar. Nemendur fá kennslu í að matreiða matinn á fjölbreyttan hátt og þekkingu á þeim næringarefnum sem tilheyra hverjum fæðuflokk.

[Smelltu hér til að skoða hæfniviðmið](#)

Kennsluefni og kennslugögn

- Heimilisfræði 3 ásamt ljósrituðu efni frá kennara

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Kennari og/eða stuðningsfulltrúi aðstoða nemendur sem þurfa á því að halda. Unnið er bæði í einstaklingsvinnu og hópavinnu, verklega og bóklega.

Námsmat

- Nemandinn er metin út frá frammistöðu í tímum bæði bóklegri og verklegri.

Hönnun og smíði

Hæfniviðmið

Kennsla í hönnun og smíði á að taka mið af hæfileikum og getu einstaklingsins og stuðla að jákvæðu viðhorfi til greinarinnar. Hönnun felur í sér að einstaklingur mótar og ákveður útlit og uppbyggingu hlutar á eigin hátt. Það getur falið í sér að endurgera eða breyta hugmynd eða hlut, t.d. með tilliti til útlits eða virkni eða vinna með eitthvað nýtt og áður óþekkt. Í hönnunarkennslu lærir nemandinn að vera skapandi og hafa mótandi áhrif á umhverfi sitt.

[Smelltu hér til að skoða hæfniviðmið](#)

Kennsluefni og kennslugögn

- Hugmyndir af netinu, hugmyndabanki fyrir 1.-4. bekk. Byrjað er á því að vinna með við, s.s. krossvið, MDF, furu, stundum annað sem til fellur. Áhöld sem hæfa hverju verkefni fyrir sig. - sandpappír, sög, málningu, hamar og fleira.

•

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Sýnikennsla, einstaklingskennsla, umræður og samvinnunám.

Námsmat

- Byggist á símati kennara á vinnu nemenda. Kennari fylgist með ásamt því að veita góða og uppbyggilega umsögn til nemandans.

Sjónlistir

Hæfniviðmið

Í sjónlistum læra nemendur að tjá sig án orða. Þeir geta ýmist unnið á gagnrýninn hátt með málefni daglegs lífs eða með ímyndunaraflíð. Slík reynsla veitir nemendum forsendur til að læra að þekkja sjálfa sig bæði í tengslum við náttúruna og efnisheiminn. Skilningurinn verður bæði almennur og persónulegur, byggður á rannsóknum á raunveruleikanum og töfrum ímyndunaraflsins.

[Smelltu hér til að skoða hæfniviðmið](#)

Kennsluefni og kennslugögn

- Skoðað er efni af netinu ásamt listabókum, sögutengingu lista og þróun við menningu, fyrr og síðar. Kennslugögn eru áhöld myndlista stofunnar svo sem blýantar, ýmsar teg. Pappírs, pennar, strokleður, skæri, málning, málningarpenslar. Leir, pappakassar og endurvinnsla á pappír. Ýmsar mismunandi tegundir af lími.

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Umræður, hópavinna og einstaklingsvinna. Kennari er með innlögn og kynningu í upphafi kennslustundar. Skoðað er efni sem tengist verkefninu hverju sinni og áhugi vakinn á verkefninu og mögulegum útfærslum þess. Gefin kostur á umræðu, hugmyndavinnu og mikilvægi þess að ræða saman og deila sínum hugmyndum. Lagt er áhersla á sjálfstæði í vinnubrögðum og hugmyndum þó að margar hugmyndir séu skoðaðar samtímis. Kynnt fyrir

nemendum mismunandi efni og áhöld og hvernig megi nýta þau í listsköpun s.s. pappír (endurunnið) leir, blöðrur. Unnið er með hugmynd (kveikju) sem verður að verki. Nemendur vinna fyrst hugmyndavinnu á maskínupappír þar til þau eru sátt við lokaútkomu, síðan er hugmyndin stækkuð á stærri og varanlegri pappír. Þannig kynnast þau hvernig fagteiknara vinna á vinnustofum.

Námsmat

- Símat kennara á vinnu nemenda - Kennari fylgist með, ásamt því að veita góða og uppbyggilega umsögn til nemandans. Ábyrgð á umhverfi - nemandi þrífur og gengur frá eftir sjálfan sig og hugar á umhverfisábyrgð sinni. Viðmót gagnvart starfsfólki og öðrum nemendum.
- Óformleg kennara-nemenda samtöl - kennari spyr opnar og speglandi spurningar til að aðstoða nemendur að bæta skilning sinn og almenna sýn í að skoða margar hliðar hluta og margar skoðanir annara nemanda. Þannig að hvert og eitt verkefni sé sérstök sköpun hvers nemanda og að þau sýni virðingu við verk annarra og skilning að verkin séu öll jafn mikilvæg.

Textílmennt

Hæfniviðmið

Í Textílmennt þjálfar nemendur í fínhyfingar og að vinna í samvinnu við aðra nemendur. Einnig er unnið með þrautseigju og elju, að gefast ekki upp þó að allt sé ekki fullkomið. Hvernig við umgöngumst kennslustofuna og þau verkfæri sem tengjast verkefnavinnunni. Unnin er verkefni í krosssaumi. Þar sem nemendur fá tækifæri til að njóta sín og tjá sig með efnisvali eða skreytingum á verkefnum.

Smelltu hér til að skoða hæfniviðmið

Kennslufni og kennslugögn

- Panama jafi, útsaumsgarn og jafa nál. YouTube myndbönd.

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Bein kennsla, þar sem kennarinn útskýrir verkefnið fyrir nemendum.
- Leiðsagnarnám, þar sem nemandinn fær að njóta sín í verkefnavinnunni en getur leitað leiðsagnar hjá samnemendum eða kennaranum ef með þarf.
- Samtal og umræður, þar sem nemendur ræða sín á milli um verkefnavinnuna.
- Þeir nemendur sem klára verkefnið fyrir fá aukaverkefni.
- Þeir nemendur sem vinna hægar fá auka aðstoð.
- Áhersla á krosssaum.

Námsmat

- Símat kennara á verklegri vinnu nemenda.

Upplýsinga- og tæknimennt

Hæfniviðmið

Í upplýsinga- og tæknimennt eru hæfniviðmið aðalnámskrár sett fram í fimm flokkum en mikilvægt er að líta á þau sem heild. Hæfniviðmiðin eru vinnulag og vinnubrögð, upplýsingaöflun og úrvinnsla, tækni og búnaður, sköpun og miðlun auk siðferði og öryggismál.

[Smelltu hér til að skoða hæfniviðmið](#)

Kennsluefni og kennslugögn

- Spjaldtölvur
- Chromebook
- Kennsluforrit, vefsíður, ritvinnsla og ýmis öpp

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Sýnikennsla og sjálfstæð vinnubrögð.
- Markmiðið er að allir nemendur séu virkir þátttakendur í kennslustundum. Að allir fái svigrúm til að taka þátt á sínum forsendum.

Námsmat

- Ekkert námsmat.

Skólaíþróttir

Hæfniviðmið

Í aðalnámskrá eru hæfniviðmiðin sett fram undir fjórum mismunandi flokkum; líkamsvitund, leikni og afkastageta mynda þann fyrsta, síðan félagslegir þættir, þá beiting þekkingar varðandi heilsu og að síðustu öryggisþættir. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

[Smelltu hér til að skoða hæfniviðmið](#)

Kennsluefni og kennslugögn

- Öll almenn áhöld íþróttahúsa og sundlauga.

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Kennari leggur verklegar æfingar fyrir nemendur og útskýrir þær munnlega og/eða með sýnikennslu
- Dæmi um æfingar sem kennari leggur fyrir svo þeir nái námsmarkmiðum eru t.d. sippa, kasta bolta, klifra í rimlum, hlaup, eltingaleikir, ganga á bekkjum, armbeygjur, kviðæfingar, boltaleikir, kollhnís, höfuðstaða, handahlaup o.s.frv.
- Æfingarnar geta verið einstaklingsmiðaðar þar sem nemandinn vinnur einn eftir fyrirmælum kennara og einnig para og/eða hópaverkefni þar sem fleiri nemendur vinna saman í hópum
- Dæmi um para-/hópverkefni er þegar nemendum er skipt upp í lið sbr. tvö lið í fótbolta, eða þegar tveir nemendur eru látnir vinna saman í stöðvaþjálfun
- Nemendur sem eru með slakari færni fá fleiri endurtekningar og æfingar brotnar meira niður. Nemendur sem eru með hafa betri færni fá flóknari æfingar og fara lengri vegalengdir.

Námsmat

Íþróttir – metin verður hæfni með: Framúrskarandi, hæfni náð, á góðri leið, þarfnast þjálfunar og hæfni ekki náð.

- Hæfni í eftirfarandi verklegum þáttum verður metin: Þolpróf, sipp, liðleiki, jafnvægi, kollhnís, langstökk án atrennu, kasta bolta og grípa grjónapoka.
- Áhugi og virkni verður metin:
 - Framúrskarandi - Er alltaf áhugasamur og virkur í kennslustund
 - Hæfni náð - Er mjög oft áhugasamur og virkur í kennslustund
 - Á góðri leið - Er oft áhugasamur og virkur í kennslustund
 - Þarfnast þjálfunar - Sjaldan áhugasamur og virkur í kennslustund

Sund - nemendur fá einkunn: Lokið – Ólokið. Nemandi fær lokið ef hann lýkur hæfniviðmiðum árgangsins á árinu.

- Hæfnimat í formi verklegra prófa jafnt og þétt yfir skólaárið. Nemendur þurfa að ná hæfni í að minnsta kosti fimm af sex hæfnipáttum í verklegum prófum.
 1. 12 m bringusund
 2. 12 m skólabaksund
 3. 6 m skriðsundsfótatök með andlit í kafi og arma teygða fram
 4. 6 m baksundsfótatök
 5. Kafað eftir hlut á 1-1,5 metra dýpi
 6. Stungið sér úr sitjandi stöðu
 7. Áhugi og virkni

Skólaval

Hæfniviðmið

- Nemendum er ýmist skipt í hóp á innan árgangs eða með 4. bekk. Í þessum hópum er brotið upp hefðbundið skólastarf og leitast eftir að hafa fjölbreytt viðfangsefni fyrir hvern hóp. Verkefni eru til dæmis áhugasviðsval, útistöðvar, jólaval, bókagerð og leikir.

Kennsluefni og kennslugögn

- Fjölbreytt og breytilegt eftir kennara og stöð og viðfangsefni hverju sinni.

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Viðfangsefni eru fjölbreytt og því eru kennsluhættir margvíslegir. Kennsluhættir eru til dæmis tjáning, hópavinna, spil, leikir, útinám, vettvangsferðir, sýnikennsla, paravinna og uppgötvunarnám. Markmiðið er að allir nemendur séu virkir þátttakendur, að allir fái svigrúm til að taka þátt á sínum forsendum.

Námsmat

- Ekkert námsmat.

Tónmennt

Hæfniviðmið

Tónlistarkennsla í grunnskóla á að efla næmi nemenda og þekkingu á frumþáttum tónlistar; tónhæð, tónlengd, blæ, styrk, hljómun, túlkun og formi til að nemendur geti myndað sér skoðun á ólíkum stíl

tónlistar, gert sér grein fyrir gildi og notið hennar. Tónlist er tengd öllu skólastarfi og því samþætt við aðrar námsgreinar.

Kennsluefni og kennslugögn

- Ýmsar bækur og vefsíður og www.youtube.com - tónlistarstefnur, tónlistarmenn, tónskáld, bæði íslenskt og erlent, og hljóðfæri

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Umræður, hlustun, hópa-, para- og einstaklingsvinna, leikir, klappleikir, dans og söngur.
- Markmiðið er að allir nemendur séu virkir þátttakendur í kennslustundum. Að allir fái það svigrúm að taka þátt á sínum forsendum.

Námsmat

- Ekkert námsmat.

Listir

Hæfniviðmið

Í aðalnámskrá grunnskóla er hæfniviðmiðum lista skipt í sköpun, samskipti, menningu og umhverfi. Námsgreinin er bæði kennd aðgreind en einnig er leitast við að samþætta við aðrar námsgreinar.

Kennsluefni og kennslugögn

- Leiklist í kennslu
- Föndur - pappír, litir, málning, penslar og fleira
- Ýmsir vefir og forrit

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Kveikja, umræður, verkefnavinna, spuni, einstaklings- og hópavinna.
- Samþætting við aðrar námsgreinar.
- Markmiðið er að allir nemendur séu virkir þátttakendur í kennslustundum. Að allir fái það svigrúm að taka þátt á sínum forsendum.

Námsmat

- Ekkert námsmat.

Enska

Hæfniviðmið

Enskukunnátta veitir innsýn í fjölbreyttan menningarheim þeirra þjóða sem hafa ensku sem fyrsta mál. Nemendur kynnast ensku og læra einfalt mál, auka orðaforða sinn og fylgja einföldum frásögnum. Ásamt því að skilja einföld hugtök tungumálsins með því að tala, hlusta og segja frá.

[Smelltu hér til að skoða hæfniviðmið](#)

Kennsluefni og kennslugögn

- Yes we can 3 vinnubók og hlustun.
- Ítarefni: Verkefni af vefnum adventure island of English Worlds inn á www.mms.is og verkefni og leikir af ýmsum vefsíðum.

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Innlagnir, hlustunaræfingar, einstaklings-, para- og hópavinna, umræður, söngur og leikir.
- Markmiðið er að allir nemendur séu virkir þátttakendur í kennslustundum. Að allir fái það svigrúm að taka þátt á sínum forsendum.

Námsmat

- Ekkert námsmat.